

AUGLÝSING
um breytingu á Norðurlandasamningi um réttarstöðu
samnorrena stofnana og starfsfólks þeirra.

Hinn 12. júní 2008 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna sammings milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu samnorrena stofnana og starfsfólks þeirra frá 9. desember 1988, sem gerður var í Osló 3. júlí 2002, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1989 þar sem samningurinn frá 9. desember 1988 er birtur og nr. 20/1989 um gildistöku hans. Breytingin öðlaðist gildi 27. júlí 2008 og er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**Samningur milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar
um breytingu á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar
um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra frá 9. desember 1988.**

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar eru sammála um eftirfarandi:

I

Á samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um réttarstöðu samnorrænna stofnana og starfsfólks þeirra frá 9. desember 1988 er gerð eftirfarandi breyting:

2. gr. verður svohljóðandi:

Við ráðningu norrænna ríkisborgara í ábyrgðarstöður hjá einstökum stofnunum skal reynt að skipta stöðum réttlátlega á milli norrænu landanna.

II

Samningur þessi um breytingu öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag er allir samningsaðilar hafa tilkynnt norska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt samninginn.

Norska utanríkisráðuneytið tilkynnir samningsaðilum um móttöku þessara tilkynninga og um þann dag er samningurinn öðlast gildi.

III

Frumrit samnings þessa skal varðveitt í norska utanríkisráðuneytinu sem sendir öðrum samningsaðilum staðfest afrit af því.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning um breytingu.

Gjört í Osló 3. júlí 2002 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.